

27
9. jan.

L Ö G

um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fast-ráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.

Heimilt er þó, að þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem þykja til þess nógu ernir til líkams og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára, en enginn má vera í opinberu embætti eða stöðu, sem eldri er.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra, alþingismanna og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu, né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.

Ef embættismaður, sem hlotið hefir embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

2. gr.

Þegar opinberum starfsmönnum er veitt lausn frá störfum sínum samkv. 1. gr., skal miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára, nema ráðherra þyki annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta við störfin.

Hafi opinber starfsmaður ekki verið leystur frá embætti sínu eða stöðu, er hann varð 65 ára, getur hann orðið leystur frá stöðunni hvenær sem er á tímabilinu þar til hann er 70 ára og verður að láta af störfum skilmálalaust.

3. gr.

Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru orðnir 70 ára er lög þessi

öðlast gildi, skulu vikja úr stöðum sínum 1. janúar 1935, eða gangi lögin síðar **27**
 í gildi, þá 1. dag næsta mánaðar eftir að lögin öðlast gildi. 9. jan.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
 (L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

28
 9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
 Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
 Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
 með samþykki Voru:

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1935.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1924, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1935.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1935.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1935.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1935.
6. Framkvæmd e-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1935.